

5. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1933.

Greinargerð.

Lögin um verðtoll falla úr gildi um næstkomandi áramót, en þar sem enn eigi hefir verið samin heildarlöggjöf um tolla og skattamál, og ríkissjóður má fyrirsjáanlega einskis missa í tekjum, mun óhjákvæmilegt að framlengja lög þessi.